



SAMORKA
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/701
komudagur 7.12.2011

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

7. desember 2011

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, með síðari breytingum (hækkun raforkueftirlitsgjalds), 305. mál

Með frumvarpinu er lagt til að eftirlitsgjöld flutningsfyrirtækis og dreifiveitna skv. 31. gr. raforkulaga verði tvöfölduð.

Samorka vísar til fylgiskjals II með frumvarpinu, umsagnar samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, dags. 15. september 2011. Hér verða dregin fram þrjú atriði úr umræddri umsögn, en þar er m.a. bent á eftirtalin atriði:

- Allur kostnaður sem lagður er á flutning og dreifingu raforku greiðist á endanum af þeim sem kaupa raforku á almennum markaði.
- Dreifi- og flutningsveitur hafa verið reknar skv. ítrustu kröfum laga og reglna og vel innan settra tekjumarka. Tvöföldun á umfangi eftirlits árið 2012 verður því að teljast nokkuð rausnarlegt og án nægjanlegs tilefnis.
- Raforkufyrirtækin greiða auk þessa gjalds um 180 milljónir kr. á ári til rafmagnseftirlits Mannvirkjastofnunar, sem aðeins að hluta skilar sér til eftirlitsstarfa (108 m.kr. skv. fjárlögum 2010). Afgangurinn verður eftir í ríkissjóði. Ef áætlaðar hækkanir ná fram að ganga verða heildarálögur raforkunotenda vegna eftirlitsstarfsemi opinberra aðila um 280 m.kr. á ári. Nefndin setur í umsögn sinni fram þá tillögu, sem tekið er undir hér, að hafi raforkueftirlit Orkustofnunar þörf fyrir aukið fjármagn til starfa sinna skuli fyrst sótt í þá fjármuni sem þegar hafa verið innheimtir vegna eftirlits og liggja í ríkissjóði, áður en lagt er á viðbótargjald vegna raforkueftirlits.

Að öðru leyti vísast hér í umsagnir aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,

Guðstaf Adolf Skúlason
aðstoðarframkvæmdastjóri